

Staðgreiðsla 2003

Skatthlutfall staðgreiðslu er 38,55%

Skatthlutfall í staðgreiðslu 2003 verður 38,55%. Skatthlutfall barna, þ.e. þeirra sem fædd eru 1988 eða síðar, verður 6% af tekjum umfram frítekjumark.

Persónuafsláttur á mánuði er 26.825 kr.

Persónuafsláttur ársins 2003 er 321.900 kr. eða 26.825 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2003 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður kr. 26.825
- Ef launatímabil er hálfur mánuður kr. 13.416
- Ef launatímabil er fjórtán dagar kr. 12.340
- Ef launatímabil er ein vika kr. 6.173
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

$\frac{\text{Kr. } 321.900}{365} \times \text{dagafjöldi launatímabilsins}$

Heimilt að nýta 100% afslátt frá maka

Þegar launamaður nýtir skattkort maka síns er launagreiðanda heimilt að nota allann þann persónuafslátt (100%) sem skattkortið veitir rétt til.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur verður 728 kr. á dag.

Frítekjumark barna er 91.048 kr.

Börn sem fædd eru 1988 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á tekjuárinu fá ekki persónuafslátt. En fyrstu 91.048 kr. af tekjum þeirra eru ekki skattlagðar. Af því sem fer umfram þessa fjárhæð á árinu 2003 reiknast 6% skattur. Á skilagreinum og sundurliðun RSK skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna lífeyrissjóðs er 4% af launum og allt að 4% viðbótarfrádráttur

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 5,73%

Tryggingagjald er 5,64%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 5,73%. Af launum sjómanna greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

- Almennt tryggingagjald 4,84%
- Atvinnu-tryggingagjald 0,80%
- Tryggingagjald alls 5,64%
- Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota 0,04%
- Markaðsgjald 0,05%
- Samtals til staðgreiðslu **5,73%**
- Viðbót vegna launa sjómanna 0,65%
- Samtals af launum sjómanna 6,38%

Lækkun tryggingagjalds fyrir desember

Til lækkunar á tryggingagjaldi skal færa mótframlag launagreiðanda vegna iðgjalda launamanns til aukningar lífeyrisréttinda. Hér til teljast þau iðgjöld sem greidd voru á árinu samkvæmt samningi í samþykktan lífeyrissjóð eða annan sjóð, sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Þessi fjárhæð skal nema 10% af iðgjaldshluta launamanns, en getur þó að hámarki orðið 0,4% af gjaldstofni tryggingagjalds vegna viðkomandi launamanns. Fjárhæðin myndar ekki stofn til tryggingagjalds, heldur kemur til lækkunar á álöngu tryggingagjaldi í desember.

Ríkisskattstjóri og starfsfólk hans

óskar launagreiðendum öllum árs og friðar. Þökkum samstarfið á liðnu ári.

Dæmi um útreikning á staðgreiðslu

Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun þegar tekið hefur verið tillit til frádráttarbærs iðgjalds launþega í lífeyrissjóð. Í þessu dæmi sem tekið er hér eru heildarlaun fyrir einn mánuð kr. 200.000. Iðgjald í lífeyrissjóð, þ.e. framlag launþega, er 4% eða kr. 8.000 (sbr. þó heimild til viðbótar frádráttar, sjá bls. 1). Staðgreiðslan myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til staðgreiðslu	kr.	192.000
Staðgreiðsluhlutfall		x 38,55%
Reiknuð staðgreiðsla	kr.	74.016
Frá dregst persónuafsláttur	kr.	26.825
Staðgreiðsla	kr.	47.191

Noti maður skattkort maka nýtir hann allan (100%) þann afslátt sem kortið veitir, sjá nánari reglur um það hér á eftir.

Dæmi um útreikning á tryggingagjaldi

Stofn til tryggingagjalds er hærri en staðgreiðsluskyld laun þar sem mótfamlag launagreiðenda til lífeyrissjóða myndar stofn til tryggingagjalds. Undanþegin gjaldskyldu er sú fjárhæð sem launagreiðandi fær endurgreidda úr Fæðingarorlofssjóði.

Í dæminu hér að framan voru heildarlaun kr. 200.000. Við það bætist mótfamlag launagreiðenda í lífeyrissjóð, sem í þessu dæmi er 6% af kr. 200.000 eða kr. 12.000. Tryggingagjald og gjöld sem innheimt eru með því myndi reiknast á eftirfarandi hátt:

Stofn til tryggingagjalds	kr.	212.000
Staðgreiðsluhlutfall		x 5,73%
Tryggingagjald o.fl.	kr.	12.148

Dæmi um útfyllta skilagrein

RSK		Staðgreiðsla opinberra gjalda		GÍRÓ-SEÐILL	
		Skilagrein vegna launagreiðslna		S 5	
Kennitala	Greiðslutímabil	A Samtals skilaskyld staðgreiðsla og tryggingagjald	KR		
440469-4469	01 2002		59.339		
Nafn - heimili - pósthöð launagreiðanda		B Skilaskyld staðgreiðsla af greiddum launum	47.191		
Gjafavörverslunin ehf.		C Skilaskyld staðgreiðsla af reiknuðu endurgjaldi			
Laugavegi 202 0000		D Tryggingagjald	12.148		
100 Reykjavík sk00		E Heildarfjárhæð greiddra launa	200.000		
Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.		F Fjárhæð reiknaðs endurgjalds			
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.		A+B+C+D+E+F Samtala til vélrænnar afstemmingar fyrir móttakanda	318.678		
13. 2. 2003	Björn Björnsson	Engin laun greidd á tímabilinu <input type="checkbox"/>	Frumrit eintak skattstjóra		
Dagsetning	Undirskrift	Tilvísunarnúmer	Seðlnúmer	FI	Stofnun-Hb
				Reikn.nr.	Upphæð kr.